



Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2012.

Haldinn í Listasal Mosfellsbæjar þann 29. mars.

Dagskrá

1. Fundarsetning
3. Skýrsla formanns
4. Ársreikningur
5. Fjárhagsáætlun
6. Lagabreytingar
7. Kosningar
8. Önnur mál
 - a) Siðareglur og reglugerð, endurskoðun
 - b) Ávörp gesta
 - b) Heiðursviðurkenningar
 - c) Önnur mál

1. Fundarsetning

Sævar Kristinsson formaður félagsins setti fundinn klukkan 18 og bauð fundargesti velkomna til fundarins. Lagði hann til að Hafsteinn Pálsson yrði kjörinn fundarstjóri og Anna Sigríður Guðnadóttir fundarritari sem samþykkt var með lófataki. Fundarstjóri þakkaði traustið fyrir hönd starfsmanna fundarins.

2. Skýrsla formanns.

Sævar fór yfir skýrslu formanns fyrir starfsárið 2011-2012 sem lá frammi á fundinum í ársskýrslu félagsins. Kom fram í máli hans að aðalstjórn hafi fundað 22 sinnum á tímabilinu og formannafundur hafi verið 9 talsins. Formaður tilkynnti hver hlutu styrki úr Afreks- og styrktarsjóði Aftureldingar og Mosfellsbæjar en þau eru:

Bjarki Snær Jónsson, Böðvar Páll Ásgeirsson, Kristina Apostolova, Miglena Apostolova, Apostol Apostolov, Velina Apostolova, Magni Kolbeinsson, Lára Kristín Pedersen og Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu.

Fór formaður yfir helstu verkefni starfsársins s.s. upptöku innheimtukerfisins Nóra og nýjan upplýsingavef, endurskipulagningu í bókhaldskerfinu og innleiðingu nýrra verkferla. Einnig sagði hann frá þeim nefndum sem starfað hafa á vegum aðalstjórnar á árinu, laganevnd, siðanefnd og jafnréttisnefnd en félagið hlaut einmitt jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar árið 2011. Formaður ræddi enn fremur Landsmót 50+ sem haldið verður í júní. Einnig minnti hann á að hljómsveitin Gildran færði félaginu endurútsatt Aftureldingarlagið sem þeir höfðu upphaflega gefið félaginu á tíunda áratug síðustu aldar. Formaður tók aðstöðumál félagsins til umræðu og þann vanda sem mikil fólksfjölgun í bænum hefur skapað vegna aðstöðuleysis. Formaður fagnaði þeirri ákvörðun bæjarins að byggja stálgrindarhús að Varmá. Formaður hvatti að lokum ungmennafélaga til að standa saman í þeim verkefnum sem fram undan eru.

3. Ársreikningar 2011

Helga Jóhannesdóttir gjaldkeri aðalstjórnar og Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri félagsins kynntu ársreikninga félagsins sem birtir eru í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum. Niðurstöðutölur eru:

Rekstrartekjur	156.712.808
Rekstrargjöld	153.595.884
Hagnaður án fjármagnsliða	3.116.924
Fjármunatekur og fjármunagjöld	(1.857.105)
Hagnaður	1.259.819
Efnahagsreikningur:	
Eignir	19.305.211
Skuldir og eigið fé	19.305.211

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um ársreikninga.

Spurt var um misræmi á milli samstæðureiknings á bls. 6 og samstæðureiknings á bls. 9. Einnig um heildarstyrk frá bæjaryfirvöldum og skiptingu á milli deilda og um lækkun styrkja til deilda á milli áráanna 2010 og 2011. Einnig kom spurning úr sal um kostnað vegna mótahalds sem óx milli ára.

Skýringar eru að samstæðureikningur á bls. 6 sé reikningur aðalstjórnar. Heildarstyrkurinn frá Mosfellsbæ er óbreyttur, þ.e. óbeinn styrkur vegna húsnæðis hækkaði en fór strax út úr bókhaldinu aftur. Styrkur til deilda, skýring á lækkun er að 2010 var veittur sértækur styrkur vegna uppgjors knattspyrnudeildar það ár. Kostnaður vegna mótahalds, bærinn rukkaði fyrir kostnaði vegna atburða í íþróttahúsi og veitti styrk í staðinn.

Spurt var um samstöðureikning deilda og hvort reglur félagsins leyfi taprekstur deilda. Ein skýring er að innleiðing innheimtukerfisins gekk ekki sem skildi hjá öllum deildum á haustmánuðum, talsverð æfingagjöld útistandandi um áramót. Þau gjöld komi inn á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs. Upplýst var að aðalstjórn hafi tekið upp nýtt verklag í

eftirfylgni með fjármálum deilda og hefur tekið upp fundi með gjaldkerum hverrar deildar tvisvar á ári.

Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

4. Fjárhagsáætlun 2012.

Helga Jóhannesdóttir og Jóhann Már Helgason kynntu fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir tekjum upp á 160.426.360 og gjöldum upp á 159.890.000 Gert er ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 536.360. Fjárhagsáætlun er birt í ársskýrslu félagsins sem liggur frammi á fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar.

Spurt var um lækkingu húsaleigustyrks og hvort samningar við bæinn væru í höfn og hvaðan tölurnar í fjárhagsáætlun eru komnar.

Upplýst er að ekki sé búið að ganga formlega frá samningum við bæinn en munnlegt samkomulag sé í gildi um að upphæðir muni ekki lækka. Nýja stálgrindarhúsið kemur ekki inn í húsaleigukostnað á þessu ári.

Spurt var hvenær styrkir komi til greiðslu og hvernig aðalstjórn ætlist til að deildir reki sig þar til styrkir berist. Þeir hafi borist mjög seint í fyrra. Einnig er spurt um hærri launakostnað og UMSK skatt.

Upplýst að UMSK innheimtir gjald per félagsmann. Formaður útskýrir að vegna óróa innan félagsins um og eftir fyrri aðalfund árið 2011, sem allir kannist við, hafi greiðslur til félagsins og deilda verið seinna á ferðinni. Á yfirstandandi ári ættu greiðslur að vera fyrir á ferðinni.

Varðandi nýjan starfsmann er upplýst að félagið hafi ekki ráð á að ráða annan starfsmann en hafi sótt um fárveitingu til Mosfellsbæjar og styrk til Vinnumálastofnunar til að ráða íþróttafulltrúa.

Bent var á úr sal að ekki væri rétt að færa 10 milljónir sem ýmsar tekjur í fjárhagsáætlun þar sem um er að ræða skuld deilda (8 milljónir) við aðalstjórn vegna opinberra gjalda sem þegar er búið að færa í reikninga félagsins.

Breytingartillaga var borin upp um að breyta upphæðinni í liðnum „Ýmsar tekjur“ í 2 milljónir og fella út á móti upphæðina 8 milljónir í liðnum „Annar kostnaður“

Fundarstjóri bar upp breytingartillöguna og var hún samþykkt. Síðan var fjárhagsáætlunin með á orðinni breytingu borin upp í heild sinni og samþykkt samhljóða. Þannig eru tekjur áætlaðar 152.426.360 krónur og gjöld 151.890.000 krónur.

5. Lagabreytingar

Helga Jóhannesdóttir rakti að nefnd hefði verið stofnuð til að fara yfir lög og koma með tillögur til lagabreytinga. Formaður þeirrar nefndar var fyrrv. formaður félagsins Jón Pálsson og með honum störfuðu Oddný M. Arnardóttir og Helga Jóhannesdóttir.

Helga tók að sér að kynna tillögur nefndarinnar.

Fundarstjóri fór yfir hverja grein fyrir sig og gaf orðið laust um hverja grein sem breytingartillaga var við og bar upp til samþykktar.

Breytingartillaga kom fram við 14. grein, 2. mlg. línu 2-3. Textinn verði: ...sem skoðaður er og áritaður af kjörnum skoðunarmönnum og/eða löggiltum endurskoðanda. Breytingartillaga borin upp til atkvæða og samþykkt. Greinin sjálf borin upp með á orðnum breytingum og hún samþykkt samhljóða.

Aðrar greinar samþykktar samhljóða.

Að lokum bar fundarstjóri lögina í heild sinni, með á orðinni breytingu, upp til atkvæða og voru þau samþykkt samhljóða.

6. Kosningar

Sævar Kristinsson formaður hafði upplýst nokkru fyrir aðalfund að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi formannsstarfa.

Fundarstjóra hafði borist eitt framboð til formanns frá Guðjóni Helgasyni. Fleiri framboð bárust ekki og skoðast Guðjón Helgason rétt kjörinn formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar.

Framboð til stjórnarmanna til næstu tveggja ára höfðu borist frá Helgu Jóhannesdóttur og Heklu Klemenzdóttur. Fleiri framboð bárust ekki og skoðast þær rétt kjörnar.

Eitt framboð hafði borist til varamanns frá Gylfa Gíslasyni. Fleiri framboð bárust ekki og skoðast Gylfi rétt kjörinn.

Í embætti skoðunarmanna bárust tvö framboð frá Valdimar Leó Friðrikssyni og Hauki Skúlasyni. Fleiri framboð bárust ekki og skoðast þeir rétt kjörnir.

Skoðunarmaður deilda var kjörinn Valdimar Leó Friðriksson.

7. Önnur mál.

Siðareglur og reglugerð

Guðjón Helgason sagði frá starfi siðanefndar sem fór yfir siðareglur félagsins og reglugerð um nefndina og gerði þær tillögur að endurbótum sem lágu fyrir þessum fundi. Guðjón þakkaði sérstaklega samnefndarkonum sínum þeim, Rakel Heiðmarsdóttur og Ragnheiði Bragadóttur fyrir sérlega vel unnin störf. Guðjón kynnti megin breytinguna sem felst í annarri grein reglugerðarinnar um kjör siðanefndar.

Reglugerðin borin upp og samþykkt samhljóða.

Ávörp gesta:

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd bæjarins fyrir samstarfið við félagið sem hefur verið mjög gott. Bæjarstjóri sagði Aftureldingu sinna

geysi mikilvægu samfélagslegu hlutverki í bænum, í raun því stærsta af frjálsum félagasamtökum í bænum. Hann ræddi samninga við félagið og lýsti þeirri ósk sinni að hægt yrði að hækka fárhæðir í samningunum innan ekki svo langs tíma. Gerður yrði samningur til eins árs núna en vonandi yrði unnt að gera lengri samning í framhaldinu. Einnig kom fram í máli bæjarstjóra að velvilji væri fyrir því að aðstoða félagið tímabundið við að ráða íþróttafulltrúa. Þá ræddi hann einnig um fyrirhugað stálgrindarhús sem nýtast myndi fyrir fimleika, bardagadeildir og sem bráðabirgðafélagsaðstaða þar til bærinn hefði bolmagn til að reisa „afmælisgjöfina“ frá 2009 þ.e. nýtt anddyri og félagsaðstöðu að Varmá.

Gert er ráð fyrir að stálgrindarhúsið verði tilbúið til notkunar um áramót 2012/2013. Bæjarstjóri ræddi einnig aukið vægi félagsins í rekstri íþróttamannvirkja og lýsti sig fylgjandi auknu hlutverki félagsins á þeim vettvangi.

Að lokum afhenti bæjarstjóri blakdeildinni viðurkenningu vegna bikarmeistaratitils sem mfl kvenna vann nýlega. Viðurkenningin er í formi fjárstyrks að upphæð 250.000 krónur. Formaður deildarinnar tók við styrknum og þakkaði fyrir.

Valdimar L. Friðriksson formaður UMSK fékk orðið og ræddi um 50+ landsmótið sem verður haldið í sumar. Tilvalið tækifæri til að félagið allt vinni saman að einu verkefni .

Heiðursviðurkenningar

Eins og fyrri ár var hópur sjálfboðaliða heiðraður á fundinum og fékk þannig viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu Ungmennafélagsins Aftureldingar. Eftirtaldir sjálfboðaliðar voru sæmdir heiðursmerkjum:

Brons: Hafdís Hrönn Björnsdóttir, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, Steinn G. Einarsson, Erlendur Fjeldsted, Emil Viðar Eypórsson, Þorkell Þorkelsson, Arna Björk Birgisdóttir, Kristín María Ingimarsdóttir, Tryggvi Þorsteinsson, Lárus Sigvaldason, Gunnar Skúli Guðjónsson, Björn Bjarnason, Haukur Níelsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Svava Ýr Baldvinsdóttir, Arnar Þór Björgvinsson, Jóhannes Eyfjörð Eiríksson, Magnea Steinunn Ingimundardóttir, Guðrún Elísa Þorkelsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Örn Jónasson, Erna Björg Baldursdóttir, Guðrún Guðjónsdóttir, Kurt A. Rasmussen, Heiða B. Knútsdóttir, Elínborg Jóna Ólafsdóttir, Brynja Jónsdóttir, Ingibjörg María Konráðsdóttir, Stefán Alfreð Stefánsson, Hilmar Tómas Guðmundsson og Ásmundur Pálsson

Silfur: Tryggvi Þorsteinsson

Önnur mál

Snorri Gissurarson kom í pontu og lýsti áhyggjum sínum vegna starfsmannafæðar á skrifstofu félagsins. Snorri lagði til að komið yrði á fót hópi sem tæki að sér að greina þá ferla sem þarf að vinna.

Svava Ýr Baldvinsdóttir fékk orðið og vildi minna á að mfl. kvk í handbolta hefði starfað undanfarin ár og stefnan væri sett á þátttöku í N1 deildinni. Svava Ýr bar fundinum og aðalstjórn þau skilaboð að mfl. kvenna í handbolta óskaði eftir því að verða í hópi

þeirra meistaraflokka félagsins sem fá úthlutað fé úr meistaraflokkasamningi félagsins við bæinn.

Helga Jóhannsdóttir lagði fram tillögu fyrir hönd aðalstjórnar um að tekin verði upp félagsgjöld. Fundarstjóri gaf orðið laust um þá tillögu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kolbrún Þorsteinsdóttir tók til máls og ræddi um hvernig til hefði tekist að innleiða nýtt bókhaldskerfi og miðlægt bókhald innan félagsins. Hún ræddi kosti þess að skrifstofan hefði umsjón með bókhaldi og taldi að ekki væri um slæma miðstýringu að ræða heldur bættu þjónustu.

Hanna Símonardóttir óskaði eftir því að bæjarfélagið og aðalstjórn hefðu vakandi auga með því að fylgjast með aðstöðuvanda knattspyrnudeildar, brottfall yngri iðkenda tali sínu máli sem og allar þær æfingar sem eldri iðkendur misstu, nánast í tvo mánuði, vegna óhagstæðs veðurfars.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og fundarstjóri bauð nýkjörnum formanni að taka til máls.

Guðjón Helgason, nýkjörinn formaður félagsins tók til máls og þakkaði traustið sem honum var sýnt með kjörinu. Formaður nefndi það sérstaklega að stjórnarmenn skynji að það sé eitt af brýnustu verkefnum að koma starfsmannamálum á skrifstofu í góðan farveg. Hann lýsti því að aðalstjórn hygðist eiga gott samstarf við deildir og stjórnir þeirra í þeirri vinnu sem framundan er. Hann þakkaði Sævari Kristinssyni, fráfarandi formanni, óeigingjarnt starf í þágu Aftureldingar.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund fyrir hönd starfsmanna fundarins og sleit fundi klukkan 20:15

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir